

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. reglugerð nr. 540 10. september 1982, reglugerð nr. 66 28. febrúar 1983 og reglugerð nr. 69 1. mars 1983 um breyting á henni.

1. gr.

Tollskrárnúmer 70.13.00 í B-lið 1. gr. reglugerðarinnar, verði 70.13.01 og 70.13.09.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1983.

F. h. r.

Þorsteinn Pétursson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Garðabæ.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi í Garðabæ og að tryggja að fyllstu hollustuhátta verði gætt við búfjárhald.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár-, sauðfjár- og alifuglahald) er óheimilt í Garðabæ nema með sérstöku leyfi bæjarráðs. Reidhestahald samkvæmt reglum er hestamannafélög í Garðabæ setja og bæjarráð samþykkir, er þó undanþegið reglugerð þessari sbr. lög nr. 44/1964. Undanþegnir reglugerð þessari eru ábúendur jarða í Garðahverfi á Alftanesi.

3. gr.

Sá, sem hyggst sækja leyfi samkvæmt 2. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjárins, sem óskað er leyfi fyrir, húsakosti, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta. Allir þeir, sem eru með búfé við gildistöku þessarar reglugerðar, skulu sækja um leyfi skv. 1. gr. innan 3 mánaða frá gildistöku hennar, en að þeim tíma liðnum skal búfé, sem haldið er án heimildar, meðhöndlað samkv. 6. gr.

4. gr.

Nú telur bæjarráð, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar Garðabæjar, að skilyrði fyrir búfjárhaldi séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið. Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Bæjarráð getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, eða fer ekki eftir fyrirætlum heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar, t. d. gætir ekki búfjárins á fullnægjandi hátt, eða lætur vera að koma í veg fyrir mengun umhverfis, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar í samráði við heilbrigðisnefnd skal annast reglubundið eftirlit með búfjárhaldi skv. reglugerð þessari, hvað varðar þrifnað, mengun umhverfis og hollustuhætti, í samræmi við gildandi heilbrigðisreglugerð. Skylt er þessum aðilum að rannsaka kvartanir vegna búfjárhalds, gefa ábendingar um atriði sem betur mættu fara og veita hæfilegan frest til úrbóta.

6. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem reglugerð þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans, og er þá heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna eða fyrirætlum heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar um meðferð búfjárins.

7. gr.

Sá, sem leyfi fær til búfjárhalds, er ábyrgur fyrir vörslu þess og ber ábyrgð á tjóni, sem það kann að valda vegna óhollustu, óþrifnaðar, mengunar eða með ágangi á lönd eða eignir annarra. Eigandi búfjár ber enn fremur ábyrgð á öllum kostnaði sem kann að verða við handsömun og varðveislu þess. Selja má búfé til lúkningar kostnaði ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímatakmarkana og skv. þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil, fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu (reglugerð um fjallskil fyrir Garðabæ verði hún sett).

8. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir hvert veitt leyfi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 258 13. apríl 1983 um búfjárhald í Garðabæ.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.